

#### 1. gr. Setning starfsreglna

Endurskoðunarnefnd Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. er undirnefnd stjórnar félagsins og starfar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, en samkvæmt A-lið IX. kafla laganna skal við einingu tengda almannahagsmunum starfa endurskoðunarnefnd. Stjórn félagsins setur nefndinni reglur sem taka mið af lögum um ársreikninga og 5. útg. leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnum í maí 2015. Starfsreglur endurskoðunarnefndar taka jafnframt mið af lögum um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum.

#### 2. gr. Skipan endurskoðunarnefndar

Kveðið er á um skipan endurskoðunarnefndar í starfsreglum stjórnar. Þar eru tilgreindar kröfur um menntun og þekkingu nefndarmanna og tíundað um hæfi þeirra. Í starfsreglum stjórnar er tilgreind þagnarskylda stjórnarmanna og gildir sú regla jafnt um nefndarmenn í endurskoðunarnefnd.

#### 3. gr. Hlutverk, ábyrgð og verkefni endurskoðunarnefndar

- 3.1. Endurskoðunarnefnd ber að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Nefndin skal yfirfara upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins og ganga úr skugga um að þær gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma.
- 3.2. Nefndin skal hafa með höndum eftirfarandi verkefni, sem tilgreind eru m.a. í lögum um ársreikninga og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014, án tillits til ábyrgðar stjórnenda eða annarra á þessu sviði:
  - a) Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
  - b) Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun og áhættustýringu.
  - c) Eftirlit með endurskoðun ársreiknings, samstæðureiknings félagsins og að áritun endurskoðanda sé unnin í samræmi við ákvæði í 2. - 4. mgr. 10. gr. í reglugerðinni.
  - d) Eftirlit með að viðbótarskýrsla til endurskoðunarnefndar sé skilað samhliða áritun ársreiknings og uppfylli þær kröfur sem fram koma í 2. - 5. mgr. 11. gr. í reglugerðinni.
  - e) Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis fyrir félagið.
  - f) Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis. Sjá nánar um verklag við val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis í 6. gr. starfsreglna hér að neðan.
  - g) Yfirfara stjórnarháttayfirlýsingu félagsins og hafa eftirlit með að lýsing hennar á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringar sé í samræmi við reikningsskil félagsins.
  - h) Endurskoðunarnefnd skal árlega hafa forgöngu um sameiginlegan fund stjórnar, nefndarinnar, ytri endurskoðenda og innri endurskoðenda með og án viðveru daglegra stjórnenda.
  - i) Endurskoðunarnefnd skal hafa forgöngu um árlegan fund með forstjóra.
  - j) Önnur verkefni sem stjórn félagsins felur nefndinni.

Helstu niðurstöður úttekta nefndarinnar skulu teknar saman í minnisblöðum til stjórnar um mat á uppgjöri og rýni á störfum endurskoðenda.

- 3.3. Endurskoðunarnefnd skal veita stjórn nákvæmar upplýsingar um helstu störf nefndarinnar og skulu fundargerðir hennar vera aðgengilegar stjórn. Nefndin skal árlega, áður en ársreikningur er lagður fyrir stjórn til samþykktar, afhenda skýrslu til stjórnar um störf nefndarinnar og hvernig nefndin metur árangur af starfi sínu. Í skýrslunni skulu koma fram þær ábendingar og athugasemdir sem komið hafa fram hjá endurskoðunarnefnd og viðbrögð stjórnar og stjórnenda við þeim.
- 3.4. Endurskoðunarnefnd starfar í umboði stjórnar félagsins og á ábyrgð hennar. Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem fram koma í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings. Stjórnendur félagsins bera ábyrgð á reikningsskilum, innleiðingu innra eftirlits og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun ársreiknings félagsins og að fylgjast með virkni innri eftirlitsþátta.

### 4. gr. Boðun funda, tíðni þeirra, þátttakendur og form

- 4.1. Endurskoðunarnefnd skal funda að lágmarki fjórum sinnum á ári til að fara yfir ársreikning og árshlutareikninga. Nefndin skal funda að minnsta kosti árlega án viðveru starfsmanna. Formanni ber að kalla saman fund ef hann, forstjóri, stjórnarformaður eða einstaka nefndarmaður telur þörf á því.
- 4.2. Í upphafi starfsárs skal nefndin setja sér starfsáætlun fyrir starfsárið og skipta með sér verkefnum.
- 4.3. Formaður endurskoðunarnefndar stýrir fundum nefndarinnar. Hann er málsvari nefndarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart stjórn, endurskoðendum og forstjóra, varðandi viðfangsefni nefndarinnar, nema nefndin ákveði annað.
- 4.4. Til funda skal boða með minnst þriggja daga fyrirvara, nema formaður ákveði skemmri frest telji hann það rétt vegna sérstakra aðstæðna. Fundarboð skal að jafnaði vera skriflegt og skal í því greina dagskrá. Fundarboð má senda með rafrænum hætti.
- 4.5. Formaður skal sjá til þess að haldin sé gerðarbók um það sem gerist á nefndarfundum og um ákvarðanir nefndarinnar. Í fundargerðarbók skal skrá eftirfarandi:
  - a) Hvar og hvenær fundurinn er haldinn og númer fundar.
  - b) Hverjir sitji fundinn og hver stýri honum.
  - c) Dagskrá fundarins.
  - d) Stutta skýrslu um umræður á fundum og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
  - e) Hvenær og hvar næsti fundur nefndarinnar verður haldinn.
  - f) Hver ritað hafi fundargerðina.
- 4.6. Endurskoðunarnefnd skal sjá til þess að minnsta kosti einn nefndarmaður sé viðstaddur hluthafafundi í félaginu ef fundarefni lúta að starfssviði nefndarinnar. Formaður eða annar nefndarmaður skal vera viðstaddur við yfirferð stjórnar á ársreikningi.

## 5. gr. Skyldur og heimildir endurskoðunarnefndar

- 5.1. Endurskoðunarnefnd skal í störfum sínum vinna af heilindum, heiðarleika og réttsýni. Nefndin skal gæta gagnsæis í ákvörðunum sínum og hafa hag félagsins í fyrirrúmi. Nefndin skal gæta þess að vera vel upplýst og taka mið af hagsmunum viðskiptavina, starfsmanna og samfélagsins alls. Nefndarmenn skulu fylgja siðareglum Sjóvár í sínum störfum.
- 5.2. Á nefndarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins, hagi viðskiptavina þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli máls eða ákvörðun stjórnar félagsins. Sú skylda hvílir á nefndarmönnum að varðveita með tryggilegum hætti öll gögn sem þeir kunna að hafa undir höndum frá félaginu. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
- 5.3. Þegar nýr nefndarmaður tekur sæti í endurskoðunarnefnd skal hann upplýstur um helstu löggjöf sem gildir um starfsemi félagsins, samþykktir félagsins, innri reglur, starfshætti stjórnar og endurskoðunarnefndar og málefni félagsins.
- 5.4. Endurskoðunarnefnd skal hafa víðtækan aðgang að starfsmönnum og þeim gögnum er varða félagið og rekstur þess sem nefndin þarf til að geta sinnt eftirlitsskyldu sinni. Nefndin hefur heimild til að kalla eftir skýrslum og greinargerðum frá stjórnendum, innri og ytri endurskoðendum er varða störf hennar. Þó skal aðgangur að gögnum og starfsmönnum félagsins vera bundinn þeim hömlum sem gilda um aðgengi stjórnarmanna í váttryggingafélögum samkvæmt gildandi löggjöf og starfsreglum stjórnar félagsins.

## 6. gr. Val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki

- 6.1. Við val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki skal endurskoðunarnefnd Sjóvár ábyrgjast að farið sé að ákvæðum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014.
- 6.2. Endurskoðunarnefnd skal leggja fram tilmæli til stjórnar með rökstuðningi varðandi tilnefningu löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis sem innihalda val um a.m.k. tvo kosti. Fyrsta val endurskoðunarnefndar skal jafnframt koma fram í tilmælunum. Nema um sé að ræða endurnýjun á endurskoðunarverkefni þ.a. samtals árafjöldi sé ekki meira en 10 ár
- 6.3. Tilmæli endurskoðunarnefndarinnar skulu unnin í kjölfar valferlis þar sem gætt hefur verið að eftirfarandi forsendum, nema um sé að ræða endurnýjun á endurskoðunarverkefni þ.a. samtals árafjöldi sé ekki meira en 10 ár:
  - a) Þjóða má öllum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrtækjum að leggja fram tilboð en ekki má útiloka á neinn hátt þátttöku þeirra endurskoðunarfyrtækja í valferlinu sem fengu innan við 15% heildarendurskoðunarþóknana frá einingum sem tengjast almannahagsmunum á næstliðnu almanaksári.
  - b) Útboðsgögn skulu vera skýr, lýsa starfseminni, valforsendur skulu vera gagnsæjar og án mismununar.
  - c) Sjóvá skal vinna skýrslu um niðurstöðu valferlisins og endurskoðunarnefnd á að staðfesta hana.

- d) Gæta skal að allri skjölun og meðhöndlun gagna í valferlinu til að tryggja að hægt sé að sýna fram á að valferlið hafi farið fram með réttmætum hætti.
- 6.4. Ef stjórn leggur til við hluthafafund kjör á endurskoðanda sem er ekki í samræmi við fyrsta val í tilmælum endurskoðunarnefndar til stjórnar skal endurskoðunarnefnd fylgja því eftir að stjórn hafi fært rök fyrir vali sínu.
- 6.5. Fyrir nánari útlistun á kröfum við val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki vísast til 2. – 8. mgr.
- 16. gr. í reglugerðinni.

## 7. gr. Veitt þjónusta og þóknun endurskoðanda

Endurskoðunarnefnd Sjóvár skal hafa eftirlit með því að eftirfarandi ákvæði í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 séu uppfyllt:

- 7.1. Þóknarir fyrir þjónustu vegna lögboðinnar endurskoðunar mega ekki vera skilyrtar þóknarir.
- 7.2. Fyrir löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem veitir Sjóvá og/eða Sjóvá Líf þjónustu utan endurskoðunar á tímabili sem nær yfir þrjú samfelld fjárhagsár eða meira má heildarþóknun fyrir þjónustuna ekki fara umfram 70% af meðaltali greiddra þóknana á síðustu þremur samfelldu fjárhagsárum vegna lögboðinnar endurskoðunar.
- 7.3. Þjónusta sem löggiltum endurskoðanda og endurskoðunarfyrtæki sem annast lögboðna endurskoðun Sjóvár / Sjóvá Líf er óheimilt að veita er eftirfarandi:
  - a) Ákveðin skattaþjónusta
  - b) Þjónusta sem felur í sér þátttöku í stjórnun eða ákvörðunartöku
  - c) Bókhald, gerð bókhaldsgagna og reikningsskila
  - d) Þjónusta tengd launabókhaldi
  - e) Þróun og innleiðing innra eftirlits eða áhættustjórnunarferla, sem tengjast undirbúningi og/eða umsjón með fjárhagsupplýsingum eða þróun og innleiðingu tæknilegra fjárhagsupplýsingakerfa
  - f) Verðmatsþjónusta, þ.m.t. verðmat sem gert er í tengslum við tryggingafræðilega þjónustu eða aðstoðarþjónustu vegna málaferla
  - g) Ákveðin lögfræðiþjónusta

Fyrir nánari útlistun á þeirri þjónustu sem endurskoðanda er óheimilt að veita vísast til 1. mgr. 5. gr í reglugerðinni.

Heimilt er að endurskoðandi Sjóvá og/eða Sjóvá Líf veiti félögunum tiltekna skattaþjónustu og verðmatsþjónustu að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

Endurskoðunarnefndin getur heimilað að önnur þjónusta en sú sem óheimil er skv. gr. 7.3 verði veitt af endurskoðanda Sjóvá og/eða Sjóvá Líf, eða tengslaneti sem hann tilheyrir. Sú þjónusta skal háð fyrir fram samþykki endurskoðunarnefndarinnar að loknu tilhlýðilegu mati hennar á ógnunum gagnvart óhæði. Endurskoðunarnefndin skal gefa út leiðbeiningar um þá þjónustu sem heimilt er að endurskoðandi Sjóvá og/eða Sjóvá Líf veitir, eftir því sem við á.

- 7.4. Nemi heildarþóknun sem Sjóvá greiðir til löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis umfram 15% af heildarþóknun sem viðkomandi aðili/fyrirtæki móttekur sl. 3 ár ber endurskoðanda / endurskoðunarfyrirtæki að upplýsa endurskoðunarnefnd Sjóvár um þá staðreynd fyrir hvert og eitt ár. Í sömu tilkynningu skal endurskoðandinn/endurskoðunarfyrirtækið upplýsa um það hvort þetta hafi áhrif á óhæði endurskoðunarinnar og verndarráðstafanir sem geta dregið úr þeirri ógn. Í framhaldi af því ætti endurskoðunarnefnd að taka til athugunar hvort þörf sé á gæðarýni á vinnunni áður en áritun endurskoðanda er gefin út.
- 7.5. Ef þóknunir sem greiddar eru af Sjóvá til löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis halda áfram að fara yfir 15% heildarþóknun sem viðkomandi aðili/fyrirtæki móttekur skal endurskoðunarnefndin ákveða á hlutlægum grundvelli hvort þeim er heimilt að halda áfram að annast lögboðna endurskoðun um viðbótartímabil sem skal aldrei fara yfir tvö ár.
- 7.6. Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal staðfesta skriflega ár hvert við endurskoðunarnefnd Sjóvár óhæði sitt og tengdra aðila. Einnig skal umræða eiga sér stað um hugsanlega ógnanir við óhæði og þær verndarráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr slíkum ógnum.

## 8. gr. Tímalengd endurskoðunarverkefnis

Endurskoðunarnefnd Sjóvár skal ábyrgjast að eftirfarandi kröfur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 séu uppfyllt:

- 8.1. Samningur um endurskoðun skal að hámarki vera til 10 ára samfelld.
- 8.2. Heimilt er að lengja samningstíma skv. 8.1 í 20 ár ef opinbert útboðsferli fer fram í samræmi við ákvæði  
6. gr.
- 8.3. Að loknum samningstíma getur endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið ekki tekið að sér lögboðna endurskoðun hjá Sjóvá innan næstu fjögurra ára.
- 8.4. Áritunarendurskoðandi skal hætta þátttöku í lögboðinni endurskoðun Sjóvár eigi síðar en sjö árum frá tilnefningu og má ekki koma að endurskoðun Sjóvár fyrr en að þrjú ár hafa liðið frá síðustu áritun hans.

Fyrir nánari útlistun á kröfum við tímalengd endurskoðunarverkefnis vísast til 2. – 8. mgr. 17. gr. í reglugerðinni.

## 9. gr. Varsla og meðferð starfsreglna

- 9.1. Frumrit starfsreglna þessara, með áorðnum breytingum ef við á, skal jafnan vera til staðar í fundargerðabók félagsins.
- 9.2. Endurskoðunarnefnd skal senda breytingartillögur við starfsreglur nefndarinnar til stjórnar félagsins ef hún telur þörf á.

9.3. Starfsreglur þessar skal endurskoða árlega.

**Reykjavík 6. mars 2023**

**Staðfesting stjórnar Sjóvá-Almennra líftrygginga hf.**